

112. fundur

Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 16. ágúst 2006 kl. 18.00 í kaffistofu skólans.

- Dagskrá:
1. Kjör ritara nefndarinnar.
 2. Fundartími nefndarinnar ákveðinn.
 3. Ráðning kennara.
 4. Skýrsla skólastjóra.
 5. Önnur mál.

Mætt voru Jóhanna Guðmundsdóttir, skólastjóri, Elísabet L. Björgvinsdóttir, formaður, Daði Jóhannesson og Sigurborg Sturludóttir.

1. Kjör ritara nefndarinnar.
Ritari nefndarinnar verður Sigurborg Sturludóttir.
2. Fundartími nefndarinnar ákveðinn.
Samþykkt var að halda fundi síðasta mánudag mánaðarins kl. 18.00.
3. Ráðning kennara.
Mari Helene Bjørnstad hefur verið ráðin í 100% stöðu píanókennara við skólann. Nefndin fagnar ráðningu hennar.
4. Skýrsla skólastjóra.
Jóhanna fór yfir helstu mál skólans.
Skólagjöld hafa hækkað um ca. 5% og rætt var um fjölskylduafslátt.
Áfram verða sömu kennarar við skólann auk áðurnefndrar Mari, Hólmfríður Friðjónsdóttir (söngur, byrjendur á gítar og píanó + tónheyrn), Hafsteinn Sigurðsson (tréblásturshljóðfæri+harmonikka og tónfræði), Hólmgeir Sturla Þórsteinsson (50% píanó + meðleikur með söngnemendum), Lárus Pétursson (gítar), Mari Helene Bjørnstad (píanó og meðleikur), Martin Markvoll (málmblásturshljóðfæri, slagverk og lúðrasveit), Jóhanna Guðmundsdóttir (píanó).
Verið er að ræða um blokkflautukennslu í samstarfi við grunnskólann og unnið er að lausn málsins.
Stofuskipan verður án mikilla breytinga en skólinn er ansi aðþrengdur og þarfnast viðhalds.
Salur skólans verður málaður þegar sýningin verður tekin niður.
Skóladagatalið er í vinnslu og fylgir það skóladagatali grunnskólans að mestu leyti.
Blása á lífi í TónVest þennan veturinn og verður það í Stykkishólmi í febrúar.
Svæðisþing tónlistarskóla á Vesturlandi og Vestfjörðum verður haldið í Stykkishólmi 29. ágúst.

Nemendur skólans munu taka þátt í dagskrá Dönsku daganna; tónleikum í gömlu kirkjunni, í dönsku messunni og lúðrasveitarmeðlimir verða að spila fyrir pening á “Strikinu”.

Umsóknir til skólans eru 128 nú þegar og fleiri væntanlegar. Rætt var um biðlista og aukna aðsókn til skólans. Einnig var nefndin sammála um að það væri eðlilegt skilyrði fyrir námsvist nemenda sem einnig stunda nám við FSÍ að þeir stefndu að stigsprófi við Tónlistarskólann enda gefur það einingar til stúdentsprófs.

Hljóðfæri hafa verið keypt í slagverksdeildina.

5. Önnur mál.

Fyrirspurn kom frá Daða um reglugerð fyrir Tónlistarskólann.

Fundi slitið kl. 19.45.

Sigurborg Sturludóttir (sign.),

Daði Jóhannesson (sign.),

Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.),

Jóhanna Guðmundsdóttir (sign.).

Íhs.